



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 17. ágúst 2020  
Tilvísun í mál: PON20080007

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

***Efni: Frestun á innleiðingu Hlöðunnar.***

Upplýst er um frestun á innleiðingu Hlöðunnar á meðan öryggisúttekt stendur.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Lagt fyrir fund borgarráðs 20. ágúst 2020

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óskar J. sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

### *Efni: Frestun innleiðingar Hlöðunnar*

#### *Forsaga:*

Í júní hófst innleiðing á Hlöðunni, nýju upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar, í miðlægri stjórnslu með gangsetningu Hlöðunnar á Þjónustu- og nýsköpunarsviði og fjármála- og áhættustýringasviði.

#### *Greinargerð:*

Í tengslum við innleiðinguna fékk Reykjavíkurborg öryggisfyrirtækið Syndis til að gera bráðabirgða öryggisúttekt á Hlöðunni og var samráð haft við Hugvit, vinnsluaðila kerfisins, vegna framkvæmdarinnar. Við úttektina (sem skilgreind er sem öryggisúttekt án aðgangs að frumkóða) sem framkvæmd var þann 31. júlí sl. fannst öryggisveikleiki í hliðarvirkni í kerfum Hugvits og þar með í Hlöðunni.

Hugviti var í kjölfarið gert viðvart um veikleikann á fundi með Reykjavíkurborg og Syndis þann 5. ágúst s.l. Í framhaldinu hefur Hugvit tjáð Reykjavíkurborg (7. ágúst sl.) að búið sé að bregðast við téðum öryggisveikleika. Hins vegar er enn beðið eftir endanlegri greinargerð vegna fráviksins, í samræmi við verklag (ISO 27001).

Í þeirri stöðu sem upp er komin er áriðandi að vinna öryggismál Hlöðunnar áfram og tryggja fullnægjandi útfærslu í skilningi gagnaöryggis. Verður það gert með áframhaldandi úttekt Syndis.

Samhliða ofangreindu verður innleiðingu Hlöðunnar frestað sem því nemur. Á sama tíma stöðvast greiðsluflæði innleiðingakostnaðar til Hugvits skv. útboðsgögnum.

Það svigrúm sem skapast við frestun gangsetningar Hlöðunnar verður nýtt til að vinna úr ábendingum sem fram hafa komið við innleiðingu hjá PON og FÁST, auk þess að ávarpa og laga tæknileg úrlausnarefni sem greindust á þeim tímapunkti.

Sem stendur munu þeir starfsmenn miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sem ekki hafa fengið Hlöðuna, halda áfram því verklagi að vinna og skjala gögn í núverandi skjalakerfi borgarinnar, GoPro.

***Samantekt:***

Áframhaldandi innleiðingu Hlöðunnar verður frestað sem nemur öryggisúttekt Syndis. Á sama tíma stöðvast greiðsluflæði innleiðingakostnaðar til Hugvits skv. útboðsgögnum.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri